

drakk glas af heitu vatni með hoffmansdropum í, bar tólg á nef-
ið á mér og fór svo að sofa.

Með þessum varnarmeðöllum, og þar sem eg er lískamlega
hraustur maður, verndaði eg líf mitt. En fötin! Þau vorn
líkari slettuhlíf á vagni heldur en fótum.

Og mér þótti þó vænt um þau fót, en svona gengur það!
Alt sem mér kemur til með þykja vænt um, í þessum heimi,
verður fyrir einhverjum hræðilegum skakkaföllum. Þegar eg
var lítill drengur átti eg tamda rottu, og mér þótti vænt um þá
rottu, eins og einungis litlum drengjum getur þótt vænt um eitt-
hvað. En svo, einn dag, datt hún ofan í stóra skál með Stöngul-
berja-sósu, sem hafði verið sett í eldhúsið til að kólna, og eng-
inn vissi neitt um slysið fyr en hér um bil var búið að borða
sósuna úr skálinni.

Mér er illa við veðrið í bæjunum. Þó er það ekki eins
mikið rigningin, sem eg hefi á móti, eins og forin. Hvernig
sem á því stendur, er eins og eg hafi eitthvert ómótstæðilegt að-
dráttarafl fyrir for. Eg þarf ekki annað en sýna sjálfann mig á
strætunum, þegar blautt er um, til þess að vera kominn á kaf í
forina.

„Það kemur alt til af því að maður er svo aðlaðandi,“
sagði kerlingin, sem varð fyrir eldingunni. Aðrir geta gengið
um, þótt for sé, án þess að fá nokkra slettu, en ef eg fer yfir um
strætið þá kem eg til baka „útsvínaður“, eins og veslings móðir
mín sagði mér oft, þegar eg var lítill. Þó það væri einungis
ein forarsletta til í allri London, þá er eg viss um að eg myndi
vinna hana af öllum keppinautum. Eg vildi eg gæti endur-
goldið kærleikann, en eg er hræddur um að eg geti það aldrei.

Mér stendur stuggur af því sem þeir kalla „Lundúnaveður“
Eg er illa á mig kominn, og muggulegur á rigningardögum, og
það er reglulegur raunaléttir að fara úr fótunum og komast í
rúmið, frá því öllu saman. Alt gengur öfugt í rigningu. Ekki
veit eg hvers vegna það er, en mér finnst altaf fleira fólk, fleiri
hundar og fleiri vagnar, vera á ferðinni í rigningu heldur en
endrarnær, og það flækist altsaman einhvernvegin fyrir manni,
og allir eru svo lejðinlegir, nema eg sjálfur, og það gremst mér